

Kristín Guðmundsdóttir lauk burtfararprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1988. Að því loknu fór hún til Frakklands í framhaldsnám og stundaði nám við Conservatoire National de Bourg-la-Reine í París. Samhliða því var hún í einkatímum hjá Manuelu Wiesler í Vín.

Tristan Cardew stundaði nám í heimalandi sínu, Englandi, en flutti sig til Parísar þar sem hann nam, fyrst í tvö ár við Conservatoire National de Bourg-la-Reine, en síðar í Conservatoire d'Hector Berlioz og var Raymond Guiot aðalkennari hans þar. Auk þess sótti hann einkatíma hjá Pierre-Yves Artaud sem kennir við Parísar-tónlistarháskólann.

Samstarf þeirra Kristínar og Tristans hófst fyrir fjórum árum í París. Þar búa þau nú bæði og starfa við kennslu og tónleikahald; í mars síðastliðnum héldu þau tónleika í Salisbury í Englandi og eru nú nýkomin frá Færeyjum þar sem þau spiluðu á tvennum tónleikum og lék Elín Anna með þeim þar.

Elín Anna Ísaksdóttir lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hún stundaði nám hjá Jiri Hlinka, prófessor við Tónlistarháskólann í Bergen og sækir nú tíma hjá Önnu Þorgrímsdóttur. Elín Anna starfar við píanókennslu samhliða tónlistariðkun sinni.

Kaffistofa safnsins verður opin að tónleikum loknum

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Kristín Guðmundsdóttir

og

Tristan Cardew

flautuleikarar

og

Elín Anna Ísaksdóttir

píanóleikari



Þriðjudaginn 3. ágúst 1993 kl 20:30

Þótt fjárhagsörðugleikar öðru fremur ýttu á **Georg Friedrich Händel** að semja tríósonötur sínar ópus 2, urðu þær afar vinsælar. Á þessum tíma voru hljóðfærarleikarar í London orðnir fjölmennir og voru sönöturnar því gefnar út með þeim valmöguleika að bæta mætti við tveimur fiðlum, flautum eða óbóum. Meiri hluti stefjanna í sönötu nr. 8 í g-moll er fenginn úr fyrri verkum Händels, óperum eða hljómsveitarverkum og má meðal annars greina að sum stefin hafa verið samin með mannsrödd í huga.

Síðrómantík 19. aldar var þriðja gullöld þverflautunnar og voru þá óteljandi verk skrifuð fyrir flautu og píanó. **A. F. Doppler**, stjórnandi hirðballetts Vínarborgar, var meðal fremstu flautuleikara síns tíma. Hann samdi 5 óperur og fimmtán balletta og auk þess fjölda smærri verka fyrir flautu, sem hann iðulega flutti sjálfur eða með bróður sínum, sem einnig var vel þekktur sem tónskáld og flautuleikari.

Georg Philipp Telemann var óvenju frjótt tónskáld og hafði á valdi sínu bæði þýska og ítalska stílinn í tónsmíðum - en þeir voru ríkjandi á hans dögum. Á tímabili bjó hann þar sem síðar varð Pólland og fann þar kryddið og framandleikann sem er víða auðheyranlegt í verkum hans.

Efnisskrá

G. F. Händel (1685 - 1759)	Trío sönata op. 2 nr. 8 í g-moll Andante Allegro Largo Allegro
A. F. Doppler (1821 - 1883)	Fantasie Pastorali Hongroise op. 26
G.Ph. Telemann (1681 - 1767)	Trietto primo í d-moll Allegro Largo Allegro
J. Mouquet (1857 - 1944)	Sonata „La flute de Pan“ Pan et les Bergers Pan et les Oiseaux Pan et les Nymphs
A. F. Doppler (1821 - 1883)	Andante et rondo op. 25